

**Nd.**

**265. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

Frá Guðbrandi Ísberg.

Við 1. gr. Meginmál greinarinnar orðist þannig:

Af öllum islenzkum afurðum, sem fluttar eru til útlanda, með þeim undantekningum, sem getið er um í 2. gr., skal greiða útflutningsgjald í rikissjóð, er nemi 1% af verði afurðanna. Af sjávarafurðum skal ennfremur greiða ½% aukagjald, er gangi til þess að standa straum af rekstri strandgæzluskipanna til landhelgisgæzlu.